

SAMÞYKKT

**um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Vatnsleysustrandarhrepps
nr. 139/1988, sbr. samþykkt nr. 333/1988.**

1. gr.

5. tl. B liðar 56. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Hafnarstjórn Vogahafnar. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. hafnalaga nr. 69/1984.

2. gr.

Við bætist nýr 6. tl. B liðar 56. gr. samþykktarinnar sem orðist svo:

Hafnarstjórn Vatnsleysuvíkurhafnar. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. hafnalaga nr. 69/1984.

3. gr.

Töluliðir nr. 6–30 færast aftur um einn tölulið og verði töluliðir nr. 7–31.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps hefur gert samkvæmt 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 30. ágúst 1991.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Þorgerður Benediktsdóttir.